

SAMSTARFSSAMNINGUR UM LEIKLISTARSTARFSEMI Í GAFLARALEIKHÚSINU

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og Gaflaraleikhúsið kt. 690910-0390, gera með sér samning um rekstur atvinnuleikhúss í Hafnarfirði.

I. Umfang samnings

1. gr.

Gaflaraleikhúsið tekur að sér að reka fjölbreytt atvinnuleikhús í Hafnarfirði og annast leiklistarstarfsemi með það að markmiði að efla menningarlíf, með áherslu á leiklist, árið um kring. Gaflaraleikhúsið leitast við að glæða áhuga Hafnfirðinga á leiklist og öðrum þeim listgreinum sem leiksviði tengjast.

II. Leiklistarstarfsemi og samstarf

2. gr.

Gaflaraleikhúsið skal á hverju leikári halda úti fjölbreyttri leiklistarstarfsemi á vegum leikhópsins og er að auki heimilt að leita samstarfs við áhuga- eða atvinnuleikhópa. Gaflaraleikhúsið skuldbindur sig til að gangast fyrir reglulegum leiksýningum, að lágmarki 2 uppfærslum á ári. Gaflaraleikhúsið leggur sérstaka áherslu á leiklistarstarfsemi fyrir ungt fólk og unga áhorfendur í starfsemi sinni.

3. gr.

Gaflaraleikhúsið skuldbindur sig til að bjóða árlega uppá

- Kennslu í sviðslistum fyrir nemendur í 8.-10. bekk í skólum í Hafnarfirði samkvæmt sérstökum samningi við mennta- og lýðheilsusvið hverju sinni.
- Leggja til húsnæði fyrir grunnskólahátíð á kostnaðarverði og listahóp Vinnuskóla Hafnarfjarðar aðstöðu án endurgjalds á sumrin.
- Bjóða skólum og frjálsum félagasamtökum sem hafa aðsetur í Hafnarfirði aðstöðu á kostnaðarverði.
- Bjóða nemendum í grunnskólum Hafnarfjarðar upp á heimsóknir þar sem veröld leikhússins er kynnt nemendum.
- Bjóða nemendum í skólum í Hafnarfirði upp á hópafslátt.

III. Framlag Hafnarfjarðarbæjar

4. gr.

Framlag Hafnarfjarðarbæjar til Gaflaraleikhússins er með beinu styrktarframlagi. Skilyrði fyrir framlaginu er að leikhúsið leigi eða kaupi aðstöðu sem uppfyllir kröfur leikhúss um góða sýningaraðstöðu og standi jafnframt undir öðrum föstum rekstrarkostnaði svo sem vegna hita, rafmagns og trygginga. Leigusamningur og upplýsingar um húsnæði leikhússins til næstu ára eru forsenda þess að samningur þessi nái fram að ganga.

Hafnarfjarðarbær greiðir Gaflaraleikhúsinu að lágmarki 24 milljónir á ári á gildistíma samningsins. Árið 2023 eru greiddar 24 milljónir. Bæjarstjórn tekur ákvörðun um árlegan styrk vegna árána 2024 og 2025 í fjárhagsáætlun hvers árs. Skipta skal framlagi í tvær jafnar greiðslur, sú fyrri sé greidd fyrir 15. janúar ár hvert en sú síðari greiðist eftir að verkefna- og kostnaðaráætlun, auk ársreiknings frá fyrra ári hefur verið send menningar- og ferðamálanefnd og skal miða við byrjun leikárs eða í síðasta lagi 30. júní ár hvert.

5. gr.

Gaflaraleikhúsið leitast við að kynna starfsemi sína sem best og skal geta Hafnarfjarðarbæjar sem styrktaraðila á öllu kynningarefni. Merki Hafnarfjarðarbæjar er Vitinn og skal hann vera á öllu útgefnu efni.

6. gr.

Gaflaraleikhúsið fær í sinn hlut allar tekjur sem reksturinn kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir, s.s. mannhald, ræsting, tækjabúnaður, sorphirða, hiti, rafmagn, tryggingar og markaðssetning. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styrkja rekstur Gaflaraleikhússins og til að bæta/efla leiklistarstarfsemi fyrir bæjarbúa.

Rekstur Gaflaraleikhússins er á ábyrgð þess, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

IV. Upplýsingaskylda og viðurlög

7. gr.

Gaflaraleikhúsið skal setja sér samþykktir sem eru fylgiskjal með samningi þessum. Það skal hafa á að skipa löglega kjörinni stjórn á grundvelli slíkra samþykta.

8. gr.

Gaflaraleikhúsinu er skylt að halda bókhald vegna rekstrar Gaflaraleikhússins sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- a. Gaflaraleikhúsið skal skila verkefna- og kostnaðaráætlun fyrir komandi leikár til menningar- og ferðamálanefndar fyrir 31. maí ár hvert.
- b. Gaflaraleikhúsið skal leggja fram ársreikningi og ársskýrslu yfir starfsemina ár hvert og leggja fyrir menningar- og ferðamálanefnd fyrir 30. júní ár hvert. Í ársskýrslu skulu, auk almennra þátta, koma fram tölulegar upplýsingar um fjölda áhorfenda, sýningarfjölda, fjölda verkefna, upplýsingar er varða leiklistaruppeldi, þ.e. sýningar fyrir börn og unglinga, auk námskeiða og kynningar innan og utan leikhússins til þess að betur megi greina árangur af starfseminni.

9. gr.

Á grundvelli árshlutauppgjöra, ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjöllum, frekari skýringum er varðar reksturinn. Verði Gaflaraleikhúsið ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að rifta samningi frá næstu mánaðamótum eftir skiladag.

10. gr.

Telji Hafnarfjarðarbær að Gaflaraleikhúsið sé ekki rekið samkvæmt samningi þessum, að Gaflaraleikhúsið sinni ekki menningarþáttum starfsemi sinnar með tilhlýðilegum hætti eða rekstur þess brjóti í bága við gildandi lög og reglur, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi skal bærinn skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði Gaflaraleikhúsið ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbær heimilt að rifta samningi án frekari fyrirvara.

Leiti Gaflaraleikhúsið nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða verði úrskurðað gjaldþrota, eða hjá því er gert árangurslaust fjárnám, er Hafnarfjarðarbær heimilt að rifta samningi aðila án frekari fyrirvara eða rökstuðnings.

11. gr.

Ef sýnt þykir að framlag Hafnarfjarðarbæjar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur Hafnarfjarðarbær sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða einhverju leyti og rifta samningnum án frekari fyrirvara.

V. Gildistími

12. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2023 og gildir til 31. desember 2025. Heimilt er að endurskoða samninginn ef ófyrirséðar aðstæður valda því, að mati beggja samningsaðila, að ákvæði samningsins eru talin óraunhæf. Ef til endurnýjunar samnings kemur skal undirbúningur hefjast a.m.k. sex mánuðum áður en samningstíma lýkur. Ef brot verður á samningi er heimilt að segja samningi upp fyrirvaralaust.

13. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjaness.

14. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 23. desember 2022

Fh. Gaflaraleikhússins
með fyrirvara um samþykki stjórnar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila:
